

**Nr. 138 / 10 Valþór NS 123****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1081  
Smíðaður: Seyðisfirði 1969 stál  
Stærð: 60,8brl. 54 bt.  
Mesta lengd: 23,17 m Skráð lengd: 21 m  
Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,45 m  
Vél: Scania 232 kW 1985  
Fjöldi skipverja: 4



Valþór ©Hafbór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 17. nóvember 2011 var Valþór NS 123 á siglingu til hafnar í Sandgerði. Veður: SA 13 m/sek.

Áður en komið var á miðin var snúið við vegna veðurs og gangtruflana í aðalvélinni og haldið til hafnar. Þegar skipið var 48 sml í VSV frá Sandgerði gekk vélin ekki nema álagslaus í hægagangi.

Skipstjóri óskaði því eftir aðstoð til hafnar og var björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein sent til að draga Valþór NS til Sandgerðis.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn skipstjóra var talið fyrst að gerlar í olíunni hafi orsakað ítrekaðar stíflur í súm og olíuleiðslum. Engin sýni voru tekin af olíunni og ekki er vitað hvort vatni hafi verið tappað reglulega undan olíunni þar sem vélstjóri var nýlega hættur og farinn af landi brott;
- að síðar kom í ljós að olúkælir við gírinn var ónýtur svo engin kæling var á gírolíunni sem orsakaði yfirhitun og þvingun í legum. Gírinn þvingdi því á vélinni þegar kúplað var að honum.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins var slægt eftirlit og viðhald á vélbúnaði.